

Gallon ehf.  
Skútuvogi 1  
104 Reykjavík

Akureyri, 29.11.2023  
UST202301-182/G.S.Á.  
08.06.02

## **Efni: Lokunareftirlit þann 27.10.2023 – Skeljungur hf., Seyðisfirði**

Þann 27. október sl. fór fram lokunareftirlit í olíubirgðastöð Skeljungs hf., Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Þrjú frávík komu fram við eftirlit en engin ábending var sett fram.**

**Lokun er ekki staðfest. Senda þarf til Umhverfisstofnunar umsókn um nýtt starfsleyfi sé fyrirhugað að halda áfram starfsemi eða fullnægjandi áætlun um lokun, niðurrif og meðferð á olíumenguðum jarðvegi.**

**Þrjú frávík komu fram er varða:**

1. 6. gr. laga nr. 7/1998. Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út. Starfsleyfi rekstraraðila er runnið út án þess að umsókn um nýtt starfsleyfi eða fullnægjandi áætlun um lokun og niðurrif hafi borist eftirlitsaðila.
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Aðgengi að stöðinni skal vera takmarkað og skal hindra aðgang óviðkomandi, t.d. með mannheldri girðingu. Op er á girðingu sem þarf að bæta og hefur ekki verið brugðist við ábendingu þess efnis frá síðasta eftirliti.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Þjónusta þarf olíuskilju við stöðina og hreinsa hana ef þörf krefur. Upplýsingar um það hvort skiljan hafi verið þjónustuð frá lokun stöðvarinnar hafa ekki borist eftirlitsaðila.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. desember 2023.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson